

**AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR Í SKEIÐA- OG GNÚPVERJA-
HREPPI**

VERKNR:

5166 - 005

DAGS: 11.04.2018

Fundur í stýrihóp haldinn í Árnosi kl. 10:00 – 11:00.

Mætt voru: Björgvin Skafti Bjarnason, Kristófer A. Tómasson, Einar Bjarnason, Meike Erika Witt, Halla Sigríður Bjarnadóttir, Gunnar Örn Marteinnsson, Pétur Ingi Haraldsson, Gísli Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir.

1 SKIPULAGSLÝSING

Pétur nefndi að þar sem búið er að kynna lýsingu fyrir heildarendurskoðun aðalskipulags og búið að kynna tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi þá sé e.t.v. mögulegt að sleppa við lýsingu í þessu ferli. Ákveðið var að láta á það reyna og fara af stað með aðalskipulagsbreytingu.

Farið var yfir skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingar á þremur stöðum þar sem sett eru inn íbúðarsvæði í dreifbýli. Rætt var um hvort gera ætti fleiri breytingar og Pétur ætlar að skoða hvort gera þurfi breytingu varðandi efnistökusvæði á Hafinu, E35 og einnig efnistökusvæði í Skáldabúðum.

2 AÐALSKIPULAGSBREYTING Í REYKHOLTI - RAMMASKIPULAG Í ÞJÓRSÁRDAL

Tillaga Rammaskipulags í Þjórsárdal miðaði að því að byggja upp alsherjar þjónustumiðstöð í Sandártungu. Í tengslum við uppbyggingu í Reykholti er fyrirhugað að byggja upp bílastæði og þjónustuhús við gatnamót Þjórsárdalsvegar. Ræddur var sá möguleiki hvort færa ætti þá aðstöðu í Sandártungu.

Sveitarstjórn vill halda sig við breytinguna eins og þ.e. með verslunar- og þjónustusvæði annars vegar við sundlaugina og hins vegar við gatnamótin við Þjórsárdalsveg. Tillagan fer í umhverfismat.

3 NÆSTU SKREF

Stíllt verður upp tillögu að aðalskipulagsbreytingum fyrir íbúðarsvæði og sent til Péturs á mánudag 16. apríl.

Tekið saman á Hellu 16. apríl 2018.

Guðrún Lára Sveinsdóttir / Gísli Gíslason